

Námsáætlun fyrir íslensku - 2. bekkur skólaárið 2017 – 2018



Kennari: Guðrún F. Stefánsdóttir og Helga B. Sigurðardóttir

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tjái sig fyrir framan hóp. • Hlusti á aðra og meðtaki upplýsingar. • Taki virkan þátt í umræðum. • Vinni með öðrum í stórum og litlum hópum. • Nýti sér leiðsögn. • Endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga. • Undirbúi stuttar frásagnir. • Tali skýrt og áheyrilega. • Syngi algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng. • Hlusti og horfi á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og aðrir nemendur og geti greint frá upplifun sinni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur lesa upp sögur og texta eftir sjálfa sig og aðra. • Lesið er daglega fyrir nemendur. • Nemendur eru hvattir til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum, segja sögur og taka þátt í samræðum. • Þeir eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega. <p>Heimanám:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur skrifa sögur heima í sögubók einu sinni til tvisvar í mánuði og lesa svo söguna fyrir bekkjarfélaga sína í skólanum. 	

Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> • Auki leshraða sinn og auki lesskilning með fjölbreyttum verkefnum. • Beiti einföldum hugtökum t.d. persónu og umhverfi í sögu. • Kynnist rími og hrynjanda, bókstöfum, orðum og setningum. • Auki orðaforða sinn og efli málskilning. • Læri að nýta sér bækur og annað lesefni á ýmsu formi, bæði í kennslustofu og á skólasafni. • Lesi bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur. • Þekki þekktar sögur og ævintýri. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreytt lesskilningsverkefni. • Nemendur læra ljóð í skóla og heima. • Aðallega er stuðst við hljóðaaðferðina en aðrar aðferðir eru notaðar með í bland. • Nemendum er skipt í getuskipta lestrarhópa og fá lestrarefni við hæfi. • Áhersla er lögð á daglegan lestur nemenda í skóla, bæði í hljóði og upphátt. • Nemendur lesa heima á hverjum degi. • Í skólanum er lesið daglega fyrir nemendur. • Unnið er með markvissa málörvun, hugtakakort, kórlestur og vinalestur. • Nemendur kynnast uppbyggingu frásagna þ.e. upphaf – miðju – endi. <p>Lestraráttak</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áætlað er að vera með lestrarátak í desember. <p>Heimanám:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur lesa heima á hverjum degi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimipróf • Orðleysupróf • Sjónrænn orðaforði • Lesskilningskannanir
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • Semji texta frá eigin brjósti, sögu, ljóð eða skilaboð. • Beiti einföldum stafsetningarreglum. • Dragi rétt til stafs og temji sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreytt ritunarverkefni þar sem nemendur þurfa m.a. að skrifa frá eigin brjósti og setja sig í aðstæður. • Nemendur rifja upp frumatriði skriftar s.s. rétta skriftarátt, blýantsgrip, og líkamsstöðu ásamt vönduðum vinnubrögðum. • Nemendur skrifa heima og eftir forskrift í skólanum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skriftarkönnun

	<ul style="list-style-type: none"> • Átti sig á að frásögn hefur fyrirsögn, upphaf, meginmál og endi. • Átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur halda dagbók sem þeir skrifa í einu sinni í viku. • Lögð er áhersla á setningaskipan í texta þ.e. að setningar hafa upphaf og endi, byrji á stórum staf og enda á punkti. <p>Heimanám:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur skrifa heima í skriftarbók og sögubók. 	
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Kynnist nafnorðum, lýsingarorðum og sagnorðum. • Kynnist kyni og tölu orða. • Leiki sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma. • Læri stafróið. • Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning. • Þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn. • Átti sig á mun sérhljóða og samhljóða. • Þekki reglur um stóran og lítinn bókstaf. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu. <p>Heimanám:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ýmis verkefni sem tengjast vinnu í skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> • Málfræðikönnun
<p>Námsgögn: Lestrarbækur með og án vinnubóka við hæfi hvers og eins. Orðasafnið mitt – Skrift 2 – Góður, betri, bestur 2b – Ritrún 2 – Ás – Græni blýanturinn.</p>			

Stílabók og sögubók notuð við ritun. Ýmis ljósrit og efni frá kennara.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.